



## Fundur háskólaráðs 4. maí 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 28.04.2006  
Dags: 04.05.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

05/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 4. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Eiríkur Tómasson, Erna Kristín Blöndal (varamaður Bryndísar Harðardóttur), Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson og Rögnvaldur Ólafsson. Matthías Páll Imsland boðaði forföll og varamaður hans jafnframt.

Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð seinasta fundar var lögð fram.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Stefna og framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands 2006-2011. Lokadrög sem lögð verða fram á 20. háskólafundi föstudaginn 5. maí 2006. Jón Atli Benediktsson, formaður heildarstefnuhóps kemur á fundinn. Jafnframt lagt fram minnisblað formanns fjármálanefndar um fjármögnun Háskóla Íslands 2006-2012.

Inn á fundinn komu tveir fulltrúar úr heildarstefnuhópi, þeir Jón Atli Benediktsson, prófessor í verkfræðideild og formaður hópsins, og Róbert H. Haraldsson, dósent í hugvísindadeild, og gerðu grein fyrir framlögðum lokadrögum að stefnu og framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2006-2011. Var stefnuskjalinu afar vel tekið og það rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. vikið að stöðu þjóðlegra greina í framtíðarstefnu Háskólans og mikilvægi þess að hlúð sé að þeim samhliða aukinni áherslu á birtingar rannsóknaniðurstaðna á alþjóðlegum vettvangi í svonefndum ISI-tímaritum. Að umræðu lokinni sagði rektor að stór hópur fólks innan og utan Háskólans hefði með einum eða öðrum hætti lagt stefnumótunarstarfinu lið og ætti miklar þakkir skyldar. Sérstaklega þakkaði rektor heildarstefnuhópnum og ritnefnd, sem hefðu unnið sérlega gott starf undir formennsku Jóns Atla.

Inn á fundinn kom einnig Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um fjármögnun Háskóla Íslands 2006-2012. Greindi Ingjaldur frá því að í kjölfar þess að Háskóli Íslands hefði sett sér það markmið að verða einn af 100 bestu háskólum í heimi á næstu 10-15 árum hefði verið lagt mat á kostnaðinn við að hrinda þessu markmiði í framkvæmd. Sýna útreikningar að fjárveiting til Háskóla Íslands þurfi að hækka um 3,4 milljarða og sértekjur um 1,6 milljarð til ársins 2011. Mjög svipuð niðurstaða kemur fram ef tekið er mið af framlagi til háskólastigsins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu: Á Íslandi eru fjárveitingar til

háskólastigsins u.þ.b. 10 milljarðar króna sem er um 1,1% af vergri þjóðarframleiðslu, en í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi er þetta hlutfall um 1,8-1,9%. Til þess að hlutfallið verði svipað á Íslandi og í nágrannalöndunum þurfa fjárveitingar til Háskóla Íslands, sem fær um helming af fjárveitingum til háskólastigsins, að hækka um 3,5 milljarða króna. Málið var rætt.

**1.2 Hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani, sbr. fund ráðsins 26. janúar sl.**

Rektor greindi frá því að á fundi háskólaráðs 26. janúar sl. hefði Ingjaldur Hannibalsson kynnt fyrstu hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani Háskólans. Á þeim fundi komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar sem tekið var mið af við endurskoðun hugmyndanna. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni greindi rektor frá því að málið verður á dagskrá næsta deildarforsetafundar og næsta háskólaráðsfundar.

**1.3 Skilagrein nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 12. janúar sl. um fýsileika þess að sameina HÍ og KHÍ, dags. 7. apríl sl., ásamt bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er eftir því að háskólaráð veiti almenna umsögn um mögulega sameiningu skólanna. Einnig fylgir með skýrsla frá árinu 2002 sem til er vísað í skilagreininni.**

Rektor gerði grein fyrir málinu. Skilagrein nefndar menntamálaráðherra hefur verið send öllum deildum til umsagnar og verður málið á dagskrá næsta fundar háskólaráðs.

- Samþykkt að fela Arnfríði Guðmundsdóttur, fulltrúa hugvísindasviðs, og Rögnvaldi Ólafssyni, fulltrúa raunvísindasviðs, í samráði við akademíska stjórnýslu, að taka saman sjónarmið háskólaráðs og umsagna deilda og leggja samantektina fyrir þar næsta fund háskólaráðs 31. maí nk.

**1.4 Ársreikningur Háskóla Íslands 2005.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.

**1.5 Fjárhagsstaða Háskólans 2006, yfirlit eftir þrjá mánuði.**

- Frestað.

**2. Erindi til háskólaráðs**

**2.1 Tillögur að breytingu á reglum og að nýjum reglum, sbr. yfirlit.**

1. Breytingar á reglum viðskipta- og hagræðideildar um rannsóknánám nr. 1043/2003, sbr. fund ráðsins 23. mars sl. Fram lagðar frekari upplýsingar frá deildinni skv. beiðni ráðsins, einkum um það ákvæði 6. gr. að nemendur sem að loknu B.S.-prófi leggja stund á M.S.-nám geti tekið námskeið á B.S.-stigi. Málið var rætt og samþykkt einróma að vísa því til umsagnar kennslumálanefndar. Beinir háskólaráð því til nefndarinnar að hún leggi mat á það hvort heimila skuli nemendum í meistaranámi að taka námskeið í grunnnámi og eftir atvikum með hvaða skilyrðum það skuli heimilað.

2. Tillaga að reglum um ráðningu í störf án auglýsingar, sbr. fundi ráðsins 2. og 23. mars sl.

Inn á fundinn kom Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, og gerði grein fyrir tillögunni. Málið var rætt og svaraði Tryggvi framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Framlögð tillaga að reglum um ráðningu í störf án auglýsingar samþykkt einróma. Önnur málsgrein 5. greinar verði óbreytt eins og upphafleg tillaga gerði ráð fyrir.

**2.2 Skipan formanns fjármálanefndar háskólaráðs til næstu tveggja ára frá 1. júlí 2006 að telja, skv. tilnefningu rektors.**

Rektor gerði grein fyrir málinu. Í máli rektors kom m.a. fram að Ingjaldur Hannibalsson muni hætta sem formaður fjármálanefndar 30. júní nk. eftir 10 ára farsælt og fórnfúst starf. Rektor hefur tilnefnt Tryggva Þór Herbertsson, prófessor og forstöðumann Hagfræðistofnunar, sem fulltrúa rektors og formann fjármálanefndar frá 1. júlí nk. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að Tryggvi Þór Herbertsson verði formaður fjármálanefndar háskólaráðs frá 1. júlí nk.

**2.3 Tilnefning fulltrúa Háskólans í stjórn Flugkerfa hf., sbr. síðasta fund. Ársreikningur Flugkerfa hf. 2005 lagður fram.**

Inn á fundinn komu Ebba Þóra Hvannberg, dósent í verkfræðideild og fulltrúi Háskólans í stjórn Flugkerfa hf., og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs og varafulltrúi Háskólans í stjórn félagsins, og gerðu grein fyrir framlögðum ársreikningi Flugkerfa hf. Lögðu þau Ebba Þóra og Gunnlaugur fram lista yfir verkefni framhaldsnema sem unnin hafa verið í tengslum við Flugkerfi hf. Málið var rætt og svöruðu Ebba Þóra og Gunnlaugur framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt einróma að heimila fulltrúum Háskóla Íslands í stjórn Flugkerfa hf. að beita sér fyrir því að kannaðir verði möguleikar til hlutafjárukningar og þeir síðan kynntir fyrir háskólaráði. Jafnframt verði kannað hvort og hvenær hagkvæmt kunni að vera fyrir Háskólann að selja hlut sinn í félaginu. Einnig samþykkt einróma að tilnefna Ebbu Þóru Hvannberg til áframhaldandi setu sem fulltrúi Háskólans í stjórn Flugkerfa hf. og Gunnlaug H. Jónsson sem varamann hennar.

**2.4 Tillaga starfshóps um meistaranám í talmeinafræði, sbr. fund ráðsins 26. janúar sl. Umsagnir hugvísindadeildar, læknadeildar, félagsvísindadeildar, kennslumálanefndar og fjármálanefndar.**

Rektor gerði grein fyrir málinu. Skýrði rektor m.a. frá því að á fundi háskólaráðs 26. janúar sl. hefði verið óskað eftir umsögnum hugvísindadeildar, læknadeildar, félagsvísindadeildar, kennslumálanefndar og fjármálanefndar um námið og hefðu umsagnirnar nú borist. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að fela starfshópnum að vinna áfram í málinu og leita svara við þeim spurningum sem fram koma í umsögnunum.

**2.5 Fjárhagsáætlun fyrir MBA nám 2006-2008 við viðskipta- og hagfræðideild.**

- Frestað.

**2.6 Erindi frá félagsvísindadeild um fjöldatakmörkun og inntökuskilyrði í fjarnám í náms- og starfsráðgjöf.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að vísa erindi félagsvísindadeildar til umsagnar fjármálanefndar og kennslumálanefndar.

**2.7 Bréf Heimis Arnar Herbertssonar hrl., dags. 12. apríl sl.**

Rektor reifaði málið.

- Samþykkt einróma að fela Eiríki Tómassyni, fulltrúa félagsvísindasviðs og varaformanni háskólaráðs, og Jóhannesi Rúnari Sveinssyni, fulltrúa Félags háskólakennara og Félags prófessora, að undirbúa svar við erindinu í samráði við lögmennt Háskólans.

**2.8 Erindi frá nemanda í meistaranámi um mat á námi, dags. 27. apríl sl.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að fela rektor að kanna málið frekar í samráði við stjórn viðskipta- og hagfræðideildar.

**2.9 Tillögur raunvísindadeildar um veitingu heiðursdoktorsnafnbóta, sbr. bréf dags. 2. maí sl.**

Rektor reifaði málið og verður það á dagskrá næsta fundar háskólaráðs.

**3. Mál til fróðleiks**

**3.1 Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss, dags. 27. apríl 2006.**

**3.2 Fulltrúar í háskólaráði frá 1. júlí 2006.**

**3.3 Nýir deildarforsetar frá 1. júlí 2006.**

**3.4 Fundargerð 19. háskólafundar 24. mars sl.**

**3.5 Dagskrá 20. háskólafundar 5. maí 2006.**

**3.6 Úthlutun styrkja vegna rannsóknatengds framhaldsnáms úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.**

**3.7 Samkomulag Háskóla Íslands og Samtaka iðnaðarins um Alþjóðamálastofnun HÍ.**

**3.8 Heimsókn Michael Porter prófessors við Harvard háskóla til Íslands og Háskóla Íslands.**

**3.9. Erindi þriggja kennara við félagsvísindadeild til Félags háskólakennara, dags. 4. maí sl., um framkvæmd á ákvæði**

**varðandi greiðslur úr vinnumatssjóði vegna doktorsritgerða.**

**3.10 Yfirlit um fundi og viðburði á vormisseri 2006.**

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 16.25.